

Fundargerð 304. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps

mánudaginn 12. apríl 2010, kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Fundargerðin rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Karl Kristjánsson, Sveinn Ragnarsson, Egill Sigurgeirsson, Rebekka Eiríksdóttir og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Gústaf Jökull bauð menn velkomna og setti fund.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð hreppsnefndar 11. mars 2010. Samþykkt.
2. Fundargerð skipulags- bygginga- og hafnarnefndar 6. apríl 2010.

Liður 1: Varðandi aðalskipulag Strandabyggðar, Engar athugasemdir gerðar við aðalskipulagstillöguna.

Liður 2: Samþykktur. Liður 3: Samþykktur.

Liður 4: Samþykkt að kaupa vigt og senda menn á löggildingarnámskeið.

Liður 5: Samþykktur. Liður 6: Samþykktur.

Önnur mál:

Liður 1: Samþykktur. Liður 2: Samþykktur. Liður 3: Samþykktur.

Liður 4: Samþykktur. Liður 5: Samþykktur. Liður 6: Samþykktur.

Mál til afgreiðslu:

1. **0901028** Kaup Reykhólahrepps á hluta úr landi Reykhólajarðarinnar. Samþykkt að kaupa 103, 6 ha úr landi jarðarinnar Reykhóla á kr. 18.035.530.
2. **1003018** Ákvörðun um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins. Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir hér með að taka jafngreiðslulán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð átján milljónir króna til fimmtán ára og er sveitarstjóra heimilt að semja um vaxtakjör allt að 5%. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til að kaupa 103, 6 ha hluta úr jörðinni Reykhólum (landnr.: 139639) ásamt lóðarleigusamningum á viðkomandi landi, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er sveitarstjóra, Óskari Steingrímssyni, kt. 150151-3689, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f. h. Reykhólahrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast lántöku þessari.
3. **1003029** Tölvupóstur dags. 24. mars s.l. frá Alþing með ósk um umsögn um frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög, 452. mál. Ákveðið að veita ekki umsögn.

4. **1003021** Bréf dags. 15. mars s.l. frá Búnaðarsambandi Vestfjarða með ósk um tilnefningu í starfsnefnd um fjallskilamál. Tillaga sveitarstjórnar er að Strandabyggð verði boðið að vera með í starfsnefndinni og að formaður fjallskilanefndar Reykhólahrepps sitji í nefndinni.
5. **1004001** Bréf dags. 22. mars s.l. frá starfsfólki Barmahlíðar varðandi mötuneyti starfsfólks. Stjórn Barmahlíðar falið að ræða við fulltrúa starfsfólks um málið.
6. **1003033** Bréf dags. 25. mars s.l. frá Félagi íslenskra atvinnuflugmanna með hvatningu um að sveitarfélagið vinni að því að Reykjavíkflugvöllur verði áfram í Vatnsmýrinni. Hreppsnefnd Reykhólahrepps telur nauðsynlegt að innanlandsflugvöllur verði áfram staðsettur í Vatnsmýrinni í Reykjavík og jafnframt að byggð verði samgöngumiðstöð í tengslum við völinn. Sveitarstjóra falið að koma álitinu á framfæri.
7. **1004005** Tölvupóstur dags. 15. mars s.l. frá Magúsi Ver Magnússyni fyrir hönd Félags íslenskra kraftamanna með ósk um styrk og þátttöku í Vestfjarðavíkingnum 2010. Samþykkt að verða við erindinu. Sveitarstjóra falið að ræða við Ungmennafélagið Aftureldingu um framkvæmdina.

Mál til kynningar:

1. **1003020** Tölvupóstur dags. 17. mars s.l. frá Fjórðungssambandi vestfirðinga með umsögn FV til allsherjarnefndar Alþingis um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt, 332. mál. Kynnt.
2. **0911031** Bréf dags. 12. mars s.l. frá Húsafriðunarnefnd um styrkveitingu til útgáfu á Bygginga- og húsakönnun Flatey á Breiðafirði. Kynnt.

Önnur mál:

1. **1004009** Bréf dags. 7. apríl s.l. frá Ungmennafél. Aftureldingu með tilboði um að taka að sér íþróttavöllinn á Reykhólum. Ákveðið að ganga til samninga við ungmennafélagið um að taka að sér að slétta og sá í íþróttavöllinn í sumar. Sveitarstjórn leggur til allt að kr. 300.000 til verksins af áætlunarliðnum styrkir til íþróttafélaga.
2. **1004010** Tölvupóstur dags. 11. apríl s.l. frá Ástu Sjöfn Kristjánsdóttur varðandi hækkun leikskólagjalda. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.
3. **1003017** Fundur með sveitarstjórn Strandabyggðar 13. apríl n.k. Sveitarstjórn og sveitarstjóri munu þiggja boð Strandabyggðar um fund.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19:00.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign) .

Karl Kristjánsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)